

27. maí 2019  
kl. 8.15

### **Fundargerð Foreldraráðs Fífusala**

Erla Stefanía boðaði foreldraráð á fund og var hann þriðji fundur ársins. Fundurinn var settur kl. 8.15.

Mætt voru Sigurlaug, Helgi og Þóra. Erla Stefanía og Elva voru fyrir hönd leiksskólans.

Erla fór yfir undirbúning fyrir starfsáætlun og planið varðandi frágang hennar en Erla mun senda hana á foreldraráð í júní fyrir frí.

Erla sýndi drög af myndbandi sem er búið að vera í vinnslu og verður sett inn á heimasíðu leiksskólans og tengd við starfsáætlun m.a. til að geta notað við auglýsingar eftir starfsmönnum.

Erla ræddi um starfsmannamál en það hafa nokkrar ráðningar verið frágengnar í vor og gekk það vel og er leiksskólinn nokkuð vel mannaður um þessar stundir. Búið er að sækja um gám til að setja á lóðina sem er þá sérútbúin fyrir sérkennslu en leiksskólinn hefur glímt við plássleysi en einungis er eitt fundarherbergi sem einnig er nýtt fyrir sérkennsluna.

Næturgisting elsta árgangs tókst vel en hún var síðastliðin föstudag.

Erla og Elva fóru yfir Völuna sem er nýtt rafrænt kerfi sem leiksskólinn notar við skráningu á mætingu barna og annað tengt leiksskólanum svo sem umsóknir um breytingar á vistunartíma o.fl. Það verður gefinn út aðgangur fyrir foreldra með haustinu að Appi tengt Völunni þar sem foreldrar geta fengið grunn upplýsingar um börnin sín.

Fundi lauk kl. 9.00 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar með tölvupósti.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jóseppson